

Formáli



Ágæti viðtakandi!

Pú hefur nú fengið í hendur handbók um gæðaviðurkenningu sem ÍSÍ hefur samþykkt að veita þeim félögum/deildum sem vinna fyrirmyndarstarf með barna- og unglingaíþróttir.

Í samræmi við skilgreiningar í stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um barna- og unglingaíþróttir er hér átt við að börn séu allir til og með 12 ára og unglingar séu allir 13-19 ára. Þessi handbók er hugsuð sem hjálpartæki fyrir þitt félag til að öðlast viðurkenningu ÍSÍ sem FYRIRMYNDARFÉLAG.

Útgefandi: Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands 2004. **Umsjón með efnisöflun:** Kristinn J. Reimarsson.
Útlit og umbrot: Guðni R Björnsson. **Prentun:** Offset ehf. **Umsjón með endurútgáfu:** Petrun Bj. Jónsdóttir og Andri Stefánsson.

Heimildir:

Íþróttabandalag Reykjavíkur; **Íþróttanámskrá ÍBR.** Reykjavík 1998.
Íþróttafélag Reykjavíkur; **Íþróttanámskrá ÍR.** Reykjavík 2000.
Norges Idrettsforbund, Idrettens Studieforbund, **Klubben min**, 1. útgáfa, Oslo 1998.
Morten Emil Berg; **Klubbutvikling**, Universitetsforlaget, 2. útgáfa, Oslo 1991.

Teikningar: Fred Berger (fengnar með leyfi frá Norska íþróttasambandinu).

Inngangur



Aðdragandi þessa gæðaverkefnis er nokkur. Í árslok 1997 skipaði stjórn Útbreiðslu- og þróunarsviðs ÍSÍ þriggja manna nefnd til að móta tillögur um hvernig standa mætti að því að veita gæðaviðurkenningar fyrir íþróttastarf. Í nefndinni voru Hafsteinn Pálsson, Ásgerður Halldórsdóttir og Haraldur K. Haraldsson. Nefndin skilaði tillögum sínum á vordögum 1998 og voru þær kynntar sviðsstjórninni og Framkvæmdastjórn ÍSÍ.

Stefáni Konráðssyni, framkvæmdastjóra, Sigurði Magnússyni, sviðsstjóra og Frímanni Ara Ferdinandssyni, verkefnastjóra var falið að útfæra tillögurnar frekar og leggja fram lýsingu á áframhaldandi vinnuferli. Á grundvelli þeirrar lýsingar var síðan skipaður þriggja manna stýrihópur sem hafði umsjón með verkefninu, en í honum voru Ingólfur Freysson, formaður, Ragnhildur Skúladóttir og Kristinn Reimarsson. Frímanni Ari starfaði með stýrihópnum.

Stýrihópurinn leitaði til nokkurra valinna íþróttafélaga, deilda og íþróttabandalaga um að þau tilnefndu fulltrúa sína í vinnuhóp sem væri ætlað að móta tillögur að vinnureglum og gæðakröfum sem gætu orðið forsendur að gæðaviðurkenningu fyrir barna- og unglíngastarf. Eftirtaldir aðilar áttu fulltrúa í vinnuhópnum og tóku þátt í þróunarferlinu:

Knattspyrnudeild Breiðabliks
Sundfélag Hafnarfjarðar
Skíðaráð Akureyrar
Handknattleiksdeild FH
Tennis- og Badmintonfélag Reykjavíkur
Íþróttabandalag Akraness
Keflavík, íþrótt- og ungmennafélag
Íþróttafélag Reykjavíkur

Vinnuhópurinn hélt alls átta vinnufundi á tímabilinu frá 18. nóvember 1998 til 22. mars 1999. Á síðasta fundi sínum lagði hann lokahönd á tillögur sínar og gekk frá þeim til kynningar fyrir Framkvæmdastjórn ÍSÍ.

Á fundum sínum fjallaði vinnuhópurinn um fjölmarga þætti í starfsemi íþróttafélaga og deilda auk þess sem sjónarmið sveitarfélaga til gæðaverkefnisins voru rædd á einum vinnufundi. Hópurinn var sammála um að raunhæft væri að meta og veita gæðaviðurkenningu fyrir eftirtalda þætti:

Inngangur



- Umgjörð þjálfunar og keppni
- Þjálfaramenntun
- Félagsstarf
- Skipulag félags/deildar
- Foreldrastarf
- Fræðslu og forvarnir
- Jafnréttismál
- Umhverfismál
- Fjármálastjórn

Innan hvers þáttar geta svo verið fleiri undirþættir sem huga verður að áður en sótt er um gæðaviðurkenningu.

Afrakstur þróunarferilsins er m.a. þessi handbók sem vonandi nýtist ykkur til að auðvelda vinnu við umsókn að gæðaviðurkenningu. Hún var fyrst gefin út í möppu í lok árs 2001 og henni dreift til íþróttahreyfingarinnar í upphafi ársins 2002. Nú kemur hún út á geisladiski og á vef Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og verður þannig aðgengilegri fleiri aðilum hreyfingarinnar.

Auk þessarar handbókar hefur ÍSÍ gefið út kynningarbækling um verkefnið og ráðið verkefnisstjóra, Petrónu Bj. Jónsdóttur, sem hefur það að meginmarkmiði að kynna verkefnið og aðstoða íþróttafélögin við að vinna að umsóknum og sækja um þessa viðurkenningu.


Markmið

Íþróttahreyfingin gerir kröfur til samfélagsins um stuðning, bæði aðgang að mannvirkjum og beinan fjárstuðning. Íþróttahreyfingin vill að litið sé á þennan stuðning sem endurgjald fyrir þjónustu sem hún veitir öllum þegnum samfélagsins. Til þess að slíkar kröfur séu trúverðugar og réttlætalegar þarf íþróttahreyfingin að sýna það í verki að hún geri raunhæfar kröfur til sjálfrar sín hvað varðar gæði og innihald þess starfs sem hún vinnur. Þetta hefur hún gert með samþykkt stefnuyfirlýsinga um afmarkaða málaflokka, þar sem fram kemur að hvernig starfi sé stefnt. Slíkar stefnuyfirlýsingar hafa m.a. verið samþykktar um barna- og unglingsstarf, menntun þjálfara og forvarnastarf.

Með því að taka upp gæðaviðurkenningu fyrir íþróttastarf geta íþróttafélög eða deildir látið gera úttekt á starfsemi sinni eða hluta hennar miðað við þær gæðakröfur sem íþróttahreyfingin gerir. Standist þau þessar kröfur fá þau viðurkenningu á því frá ÍSÍ.

Líklegur ávinningur af slíkri viðurkenningu er margvíslegur. Félög og deildir sem hljóta viðurkenningu ættu að eiga auðveldara með að afla sér stuðnings frá sveitarfélögum sínum og öðrum stuðningsaðilum, sem frekar vilja leggja nafn sitt við fyrirmyndarfélög en önnur félög. Lítill félög og deildir geta fengið stuðning frá sveitarfélagi til að verða sér úti um viðurkenningu. Stór félög og deildir þurfa ef til vill ekki slíkan stuðning en geta hinsvegar fengið styrk frá sveitarfélagi vegna þess að þau hafa þegar náð í viðurkenninguna. Tími og fjármunir félaganna munu því nýtast betur. Foreldrar munu væntanlega frekar senda börn sín til fyrirmyndarfélaga en annarra félaga. Þetta ætti að verða félögum hvatning til að bæta starf sitt og uppfylla gæðakröfurnar, til að geta fengið viðurkenningu. Afraksturinn verður væntanlega betra íþróttastarf og betri ímynd hreyfingarinnar.

Inngangur



Leiðbeiningar vegna handbókar

Á blaðsíðu 8 er gátlisti yfir þá þætti sem hafðir eru til hliðsjónar við framkvæmd gæðaviðurkenningarinnar. Eins og áður hefur komið fram eru þetta níu þættir og eru undirþættir við suma þeirra. Til að hljóta gæðaviðurkenningu frá ÍSÍ þarf félag/deild að uppfylla öll þau skilyrði sem koma fram á gátlistanum hljóta gæðaviðurkenningu frá ÍSÍ þarf félag/deild að uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram á gátlistanum eða sýna fram á að þau stefni þangað á næstu misserum. Þó geta sumir þættir verið þess eðlis í starfi félagsins/deildarinnar að ekki er hægt að uppfylla þá. Þarf þá að koma skýrt fram á umsóknareyðublaði hvaða þættir það eru og rökstuðningur ásamt gögnum sem styðja það að undanþága sé veitt.

Nauðsynlegt er að skoða vel þá þætti sem merkt er NEI við á gátlistanum. Hver þáttur hefur sinn kafla í handbókinni og eru þar leiðbeiningar um hvernig best er að haga vinnu sinni í þá átt að ná fram þeim skilyrðum sem þarf til að hljóta gæðaviðurkenningu ÍSÍ. Nauðsynlegt er að skoða alla handbókina þó svo að viðkomandi telji að ákveðnir þættir séu þegar uppfylltir, því undir hverjum kafla kemur fram hvaða gögn þurfa að fylgja umsókninni.

Áður en sótt er um gæðaviðurkenningu er nauðsynlegt fyrir stjórn félagsins/deildarinnar að setjast niður með öllum þeim aðilum er koma að barna- og unglingastarfi félagsins/deildarinnar og fara yfir hvern þátt fyrir sig, því það er þrennt sem gæðaverkefnið gengur út á :

Inngangur



1 Að sem flestir í félaginu, aðalstjórn, unglingaráð, foreldraráð og aðrar nefndir, setjist niður og ræði málefni félagsins/deildarinnar. Nauðsynlegt er að allir miðli reynslu sinni, þekkingu og skoðunum til að ná fram sem bestum árangri í starfinu. Magn þeirra gæða sem síðan nást innan hvers íþróttafélags er háð vilja félagsmanna og vinnulagi þess. Því fleiri sem taka þátt, því meiri möguleiki er á því að vel gangi hjá félaginu. Engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn og því er mikilvægt að allir taki þátt í þessari vinnu og samræmi markmið sín og vinnuaðferðir. Hvað getum við gert fyrir félagið?

2 Að félagið/deildin vilji gera betur en það gerir í dag og því er nauðsynlegt að meta starfið í heild sinni, kosti og galla, tækifæri og ógnanir. Alltaf er hægt að gera gott félag betra.

3 Að bæta ímynd félagsins/deildarinnar. Því er nauðsynlegt að meta hvern þátt gæðaviðurkenningarinnar út frá því:

- hvað erum við að gera í dag?
- hvað ætlum við að bæta, að hverju ætlum við að snúa okkur?
- hvernig ætlum við að komast þangað, ná okkar markmiðum?
- hver ber ábyrgð á hverjum þætti?
- hvenær á viðkomandi þætti að vera náð?

Hugsjón Ólympíuhreyfingarinnar er falin í orðunum *Citius - Altius - Fortius* sem á íslensku útleggst **hraðar - hærra - sterkar**. Þessi þrjú orð hafa í gegnum árinu fyrst og fremst átt við íþróttamanninn (iðkendann) en geta mjög gjarnan átt við félag/deild í heild sinni, því í gegnum gæðaverkefnið getur félag/deild orðið **betra - sterkara - lífskröftugra** og starf þess **faglegra - öflugra - árangursríkara**.

Heimurinn er í stöðugri þróun og þar er starf og starfsumhverfi íþróttahreyfingarinnar ekki undanskilið. Því er mikilvægt að markmið og starf félagsins/deildarinnar sé í stöðugri endurskoðun. Það sem gert er í fyrstu atrennu þarf ekki að vera fullkomið því að allt þróunarstarf tekur sinn tíma. Þó svo að félag hljóti viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag er ekki þar með sagt að félagið getið andað léttar og tekið lífinu með ró.

Gæðaviðurkenningin á að kalla á virkara eftirlit almennings, foreldra, forystumanna sveitarfélaga og iðkenda sjálfra og því er nauðsynlegt fyrir stjórn hvers félags/deildar að halda vöku sinni og vera stöðugt með hugann við starfið. Gæðaviðurkenning er veitt til fjögurra ára og þarf þá að sækja um á nýjan leik en félag sem hlýtur viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag þarf að skila inn á hverju ári skýrslu um starfið.

Til athugunar



- Ríkisskattstjóri hefur gefið út leiðbeiningar um skattskyldu íþróttafélaga. Í því riti kemur skirt fram að þjálfarar uppfylli í fæstum tilvikum þær kröfur sem gerðar eru til verktaka. Til að hljóta viðurkenningu sem Fyrirmyndarfélag/deild þarf að koma skýrt fram hvernig þessum málum sé háttað í félaginu og að það sé fyrirséð hvernig uppfylla eigi þessar kröfur.
- Umhverfismál hafa oft verið til umræðu og hefur sumum þótt sem það málefni eigi ekki við íþróttastarf. Í lögum ÍSÍ segir:

„Einnig heitir ÍSÍ því að styðja og efla virðingu siðareglna í íþróttum, að berjast gegn lyfjamisnotkun og að sýna ábyrgja umhyggju gagnvart málefnum á sviði umhverfisverndar, er á reynir í sambandi við iðkun íþróttar.“

- Í því fellst að taka eins og kostur er tillit til umhverfisins og móta stefnu sem felur í sér einhverja aðkomu að þessum málaflokki. Íþróttagreinarnar hafa mismunandi aðkomu að umhverfismálum en allir eiga að geta lagt eitthvað að mörkum.
- Launamál þjálfara og menntun þeirra hafa oft verið til umfjöllunar. Félög þurfa að marka sér ákveðna stefnu í þessum málum þannig að geðþóttaákvæðanir og tengsl aðila ráði ekki öllu um launamál heldur sé m.a. tekið tillit til menntunar, umfangs og reynslu.
 - Jafnrétti felur í sér viðamikla skilgreiningu. Margir líta á það orð sem jafnrétti kynjanna en í rauninni getur það átt við alla þjóðfélagshópa eða aldurshópa. Í þessari útgáfu af handbókinni er þessi skilgreining víkkuð og félög hvött til að sinna þessum mismunandi þjóðfélagshópum á sanngjarnan hátt.

Gátlisti



Gátlisti v/gæðaverkefnis

1. Skipulag félags/deildar:

- a) Skipurit er til staðar: já nei
- b) Markmiðssetning félags/deildar er skýr: já nei
- c) Ungt fólk á aldrinum 16 - 25 ára á fulltrúa/áheyrnaraðila í stjórn félagsins eða hefur á annan hátt áhrif á starf félagsins, s.s. ungmennaráð: já nei

2. Umgjörð þjálfunar og keppni:

- a) Starfað er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglinga: já nei
- b) Félagið/deildin hefur látið útbúa kennslu- og æfingaskrá þar sem fram koma markmið þjálfunar í hverjum aldurflokki fyrir sig: já nei

3. Fjármálastjórn:

- a) Bókhald yngri og eldri flokka er aðskilið: já nei
- b) Fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið liggur fyrir: já nei
- c) Laun þjálfara eru samræmd: já nei
- d) Þjálfarar eru launþegar: já nei

4. Þjálfaramenntun:

- a) Þjálfarar hafa menntun samkvæmt kröfum ÍSÍ: já nei
- b) Aðstoðarþjálfarar eru til staðar ef um stóra hópa er að ræða: já nei
- c) Samráðsfundir eru haldnir á meðal þjálfara: já nei

5. Félagsstarf:

- a) Áætlun um félagsstarf liggur fyrir: já nei

6. Foreldrastarf:

- a) Verksvið foreldraráða er skilgreint: já nei

7. Fræðslu- og forvarnarstarf:

- a) Félag/deild hefur mótað sér stefnu í fræðslu og forvarnarmálum: já nei

8. Jafnréttismál:

- a) Félag/deild sinnir til jafns kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar: já nei
- b) Tekið er tillit til mismunandi þjóðfélagshópa, (fötlun, búseta, þjóðerni, litarháttur): já nei

9. Umhverfismál:

- a) Félag/deild hefur mótaða stefnu: já nei



1. Skipulag félags og deildar




a) Skipurit er til staðar

Miðað við þær kröfur sem gerðar eru til íþróttahreyfingarinnar í dag verður skipurit að vera til staðar. Það þarf að vera lifandi og geta tekið breytingum út frá aðstæðum hverju sinni. Skipurit er nauðsynlegt til að gera grein fyrir uppbyggingu félagsins og eins til að tryggja að upplýsingaflæði á milli aðila fari réttar boðleiðir. Skipurit þarf að vera einfalt og ábyrgðarmörk skýr. Skipurit geta verið mismunandi eftir stærð félags/deildar og m.a. því hvort að um sérgreina- eða fjölgreinafélag er að ræða. Hér á eftir fylgja tvö sýnishorn af skipuritam íþróttafélaga.

Skipulag félags og deildar




Fjölgreinafélag - hugmynd að innra skipulagi





Skipulag félags og deildar

Sérgreinafélag - hugmynd að innra skipulagi



Skipulag félags og deildar



b) Markmiðssetning félags/deildar er skýr

Markmið félags/deildar þurfa að vera skýr og mælanleg. Ekki er nóg að vísa í markmið félagsins í lögum þess til að fá viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag. Markmiðin þurfa að vera þrenns konar:

1. félagsleg

2. íþróttaleg

3. fjármálaleg

Markmiðin þurfa að vera hinum almenna félagsmanni sýnileg og leiðir að þeim skýrar.

Þessi þáttur er einn sá mikilvægasti til að aukin gæði náist í starfi félagsins. Eigum við að efla gæði starfsins er mikilvægt að byggja áfram á sterkum hliðum félagsins og síðan taka til endurskoðunar og gera breytingar á veikum hliðum þess. Þegar talað er um markmiðssetningu þá er átt við þá óskastöðu sem við viljum að félagið starfi við (i). Markmiðin sem við setjum okkur þurfa að vera skýr, raunhæf, eftir-sóknarverð og ekki síst tímasett. Þegar við setjum okkur markmið þá þurfum við að horfa til þriggja mikilvægra spurninga:

1. Hvað viljum við gera?

- hver er okkar metnaður?
- hvernig viljum við að félagið starfi?
- hversu hátt eigum við að teygja okkur?

2. Hvað getum við gert?

- hvað er til ráðstöfunar? fjármagn, aðstaða, tími, þekking, fólk

3. Hvað eigum við að gera?

- samkv. lögum ÍSÍ
- samkv. samþykktum félagsins
- hverjar eru væntingar innan félagsins
- hverjar eru væntingar samfélagsins

Þegar við setjum okkur markmið er mikilvægt að skipta þeim upp; aðalmarkmið, undirmarkmið og vinnumarkmið. Saman vinna þessi markmið saman og skapa grunninn af því sem félagið stendur fyrir. Aðalmarkmiðin segja til um hver óskastaða félagsins á að vera. Undirmarkmiðin lýsa því hvað við þurfum að gera til að ná aðalmarkmiðunum og vinnumarkmiðin eru lýsing á því hvernig hin daglega vinna í félaginu á að virka til að undir- og aðalmarkmiðunum verði náð. Hægt er að setja þetta upp í píramída til nánari útskýringar.



Skipulag félags og deildar



c) Ungt fólk á aldrinum 16 - 25 ára á fulltrúa/áheyrnaraðila í stjórn félagsins

Unga fólk er á rétt á því að eiga fulltrúa/áheyrnaraðila í stjórnnum félaga líkt og er í framhaldsskólum landsins og á unglingastigum grunnskólans. Þar eiga nemendur rétt á því að skipa fulltrúa í ýmis konar ráð innan skólakerfisins.

Hátt í 80% iðkenda innan íþróttahreyfingarinnar er á aldrinum upp að 25 ára aldri. Í all flestum tilfellum á þessi hópur engan fulltrúa sem talar máli þeirra innan hreyfingarinnar. Ein af samþykktum stefnuyfirlýsingarinnar er sú að íþróttirnar séu lagðar upp frá forsendum unglinganna. Ekki eru allir sem taka stefnuna á toppinn en vilja mjög gjarnan fá að vera með. Til þess að áherslur í starfi félaga/deilda séu í samræmi við óskir/væntingar unga fólksins er mikilvægt að þau eignist fulltrúa í stjórnnum félaga. Einnig mætti ná því fram með því að koma á sérstöku unglingaráði innan félagsins. Aukin hlutdeild ungs fólks í leiðtogastörfum tryggir að hugmyndir þeirra, óskir og þarfir komast á framfæri. Einnig ætti það að tryggja að eðlileg endurnýjun á leiðtogum innan hreyfingarinnar eigi sér stað en skortur á leiðtogum er að verða vandamál. Ferskar hugmyndir hinna ungu og reynsla hinna eldri eru góð blanda.

Skipulag félags og deildar



Til að auðvelda mat á stöðunni um skipulag félagsins er rétt að svara eftirfarandi spurningum:

Gátlisti vegna skipulags félags:

- | | | |
|--|-----------------------------|------------------------------|
| • Skipuritið tekur til allra þátta í starfsemi félagsins | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Skipuritið er einfalt. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Markmið félagsins eru skýr og mælanleg. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Markmið félagsins eru raunhæf | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Ungt fólk á fulltrúa í stjórn félagsins | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |

Nú þegar staðan hefur verið lauslega metin er rétt að taka hana saman og skrifa niður nákvæmlega hver staðan er í dag. Hvernig óskum við þess að hún verði og hvað getum við gert til að breyta henni?

Hver er staðan í dag?

- Hvað gerum við vel?
- Hvað getum við gert betur?

Hver er óskastaðan?

- Hvernig skipurit hentar félaginu best?
- Hver eru félagslegu markmiðin?
- Hver eru íþróttalegu markmiðin?
- Hver eru fjármálalegu markmiðin?
- Hvernig er auðveldast að koma skoðunum unglínganna í félaginu á framfæri við stjórnina?

Hvað getum við gert til að komast nær óskamarkmiðunum:

- Hvernig framkvæmum við?
- Hver ber ábyrgð? (nafn:)
- Hvenær á að framkvæma?
- Hvenær á framkvæmd að vera lokið?
- Hver hefur eftirlit með framkvæmdinni? (nafn:)

Fylgigögn:

- Skipurit
- Samþykkt markmið félagsins; félagsleg, íþróttaleg og fjárhagsleg.
- Staðfesting á tilvist unglíngaráðs, t.d. með tilvísan í skipurit/staðfesting á aldri stjórnarmanna.

2. Umgjörð þjálfunar og keppni



a) Starfað er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglunga

Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að lesa yfir stefnuyfirlýsinguna og sjá hvað hún felur í sér.

Stefnuyfirlýsing um tilhögun íþróttauppeldis æskufólks innan íþróttahreyfingarinnar

Samþykkt á 63. Íþróttapingi ÍSÍ á Akranesi 26. - 27. október 1996

1. Andi stefnunnar

Sú stefna sem hér er mælt með hefur það að leiðarljósi að íþróttaíðkun skuli vera þroskandi bæði líkamlega, sálrænt og félagslega. Með því móti má skapa aðstæður fyrir mun fleiri börn og unglunga til að njóta sín innan íþróttahreyfingarinnar.

Með skipulegri og markvissri þjálfun eins og hér er lýst má skapa börnum og unglingum aðstæður til að verða afreksmenn seinna meir á lands- eða alþjóða mælikvarða þegar þeir hafa mesta líkamlega og sálræna hæfileika til þess. Að sama skapi er gert ráð fyrir að þeir sem ekki velja afreksmennsku eða keppnisíþróttir fái tækifæri til að stunda íþróttir eða líkamsrækt við sitt hæfi. Varðandi þau aldursmörk sem gengið er út frá verður að gera ráð fyrir ákveðnu svigrúmi og sveigjanleika vegna mismunandi reglna sem gilda í hinum ýmsu íþróttagreinum og mismunar á þroskaferli milli kynja og einstaklinga.

Með neðangreindum aðferðum má tryggja mun meiri fjöldapátttöku í íþróttum en áður hefur þekkt og skapa um leið aðstæður fyrir fleiri afreksmenn og meiri afrek en áður hefur þekkt.

2. Skilgreiningar

Með barnaíþróttum er átt við íþróttir fyrir börn á aldrinum til og með 12 ára.

Með unglungaíþróttum er átt við íþróttir fyrir börn á aldrinum 13-19 ára.

3. Markmið

Íþróttþjálfun barna og unglunga hafi eftirfarandi markmið:

a) 8 ára og yngri:

- Að auka hreyfiþroska
- Að fyrstu kynni af íþróttum verði jákvæð

b) 9-12 ára:

- Að bæta tæknilega færni.
- Að auka þol.
- Að auka kraft.
- Að auka liðleika.
- Að vekja íþróttaáhuga fyrir lífstíð.

c) 13-16 ára:

- Að auka þol.
- Að auka kraft.
- Að auka hraða.
- Að auka liðleika.
- Að viðhalda og bæta áður lærða tæknilega færni.
- Að skapa félagslega jákvæðar aðstæður og umhverfi með íþróttastarfinu
- Að kynna keppnis- og afreksíþróttamennsku og þann hugsunarhátt sem nauðsynlegur er til að árangur náist.
- Að kynna þá möguleika sem bjóðast þeim sem vilja iðka íþróttir sem líkamsrækt og vegna félagsskaparins.

Umgjörð þjálfunar og keppni



d) 17-19 ára:

- Að allir þjálfunarpættir séu teknir fyrir.
- Að auka þjálfunarálagið verulega.
- Að innleiða afrekshugsunarhátt hjá þeim sem stefna að þátttöku í keppnis- og afreksíþróttum.
- Að skapa möguleika fyrir þá sem vilja iðka íþróttir sem líkamsrækt og vegna félagsskaparins.

4. Leiðir

Stefnt verði að eftirfarandi leiðum að settum þjálfunarmarkmiðum:

a) 8 ára og yngri:

- Að æfingarnar séu fjölþættar og stuðli að bættum hreyfiþroska. Hér er átt við æfingar sem örva hinar ýmsu skynstöðvar og unnið sé með grófhreyfingar og fínhreyfingar.
- Að þjálfunin fari fram í leikformi.
- Að æfingarnar séu skemmtilegar.
- Að öll börn fái jöfn tækifæri til þátttöku.

-Að fjölgreinafélög sjái til þess að öll börn á þessum aldri hafi tækifæri til að stunda íþróttir með þessum hætti í óeildaskiptum íþróttaskólum eða námskeiðum á vegum félaganna.

-Að sérgreinafélög sjái til þess að öll börn á þessum aldri hafi tækifæri til að stunda íþróttir með þessum hætti með því að taka upp samvinnu við önnur félög eða vinni samkvæmt þessum markmiðum og leiðum sama hvaða íþróttagrein er sérgrein félagsins. Þetta mætti gera með því að hafa sérgreinina sem kjarnagrein en verja 40-50% þjálfunartímans í fjölþætta hreyfiþjálfun af ýmsum toga.

b) 9-12 ára

- Að æfingarnar séu fjölþættar.
- Að aðaláherslan í þjálfuninni sé á þjálfun tæknilegrar færni.
- Að börnin séu hvött til að kynna sér og reyna sem flestar íþróttagreinar.
- Að undirstöðutækni sem flestra íþróttagreina sé lærd.
- Að æfingarnar feli í sér þol, kraft og liðleikaæfingar.
- Að æfingarnar séu skemmtilegar.
- Að háttvísi og íþróttamannsleg framkoma sé kennd.
- Að öll börn fái tækifæri til æfinga og keppni miðað við þroska og getu.

-Að við níu ára aldurinn taki deildirnar í fjölgreinafélögum við börnunum úr íþróttaskólanum og sjái til þess að unnið sé samkvæmt settum markmiðum og leiðum. Deildirnar hafi samvinnu sín á milli um að gefa börnum og unglungum viðunandi tækifæri til að stunda fleiri en eina íþróttagrein og leggi sitt af mörkum til hvatningar hvað það varðar.

-Að sérgreinafélög verði áfram um samvinnu við önnur félög að ræða eða ákveðin prósentu af þjálfuninni fari í aðrar íþróttagreinar til að tryggja fjölbreytnina og kynni af mörgum íþróttum.

c) 13-16 ára

- Að æfingarnar séu fjölþættar.
- Að æfingarnar byggist meira en áður á þoli, krafti og hraðaæfingum ásamt liðleikaþjálfun.
- Að þeirri tæknilegu færni sé viðhaldið sem áður var lærd.
- Að í lok þessa aldursskeiðs hefjist sérhæfing í ákveðnum íþróttagreinum eða greinaflokkum.
- Að sérstök áhersla sé lögð á að skapa unglungum félagslega góðar aðstæður innan þróttaliðsins eða félagsins. Til þess skulu öll tækifæri sem bjóðast til hóppátttöku, hópferða og félagslegra athafna innan vallar sem utan nýtt til hins ítrasta.
- Að fræðsla um vöxt og þroska fari fram.

Umgjörð þjálfunar og keppni



- Að fræðsla um heilbrigðan lífsstíl fari fram.
- Að allir unglingar fái tækifæri til æfinga og keppni miðað við þroska og getu.
- Að öll félög sjái til þess að skapa sem jöfnust tækifæri til að stunda keppnisíþróttir annars vegar og íþróttir/líkamsrækt hins vegar.

d) 17-19 ára

- Að æfingarnar séu alhliða og fjölbættar þannig að allir þjálfunarbættir séu teknir fyrir með tilliti til stöðu og hæfileika hvers einstaklings.
- Að val á milli íþróttagreina fari fram liggja áhugi til sérhæfingar.
- Að sérhæfð afreksþjálfun fari fram og æfingaálagið sé aukið verulega frá því sem áður var sé stefnt að þátttöku í afreksíþróttum.
- Að unglingunum sé gerð full grein fyrir hvaða hugarfar, álag og hæfileika þarf til að ná árangri í afreksíþróttum.
- Að öll félög geri greinarmun á afreksíþróttum eða íþróttum þar sem árangur í keppni er aðalmarkmiðið annars vegar og hins vegar íþróttum þar sem áhersla er lögð á líkamsrækt og félagsskapinn umfram árangur í keppni sem slíkri.

5. Keppni

Keppni barna og unglunga fylgi eftirfarandi áætlun:

Keppni skal miðast við aldur og þroska og að hún sé hvati til ástundunar og framfara svo auka megi líkur á að ná settum þjálfunarmarkmiðum.

a) 8 ára og yngri:

Keppni í þessum flokki á ekki að vera markmið í sjálfu sér. Sé keppni viðhöfð skal hún fara fram á félagsmótum og mótum þar sem félagar úr nágrennafélögum keppa. Mikil áhersla skal lögð á að allir fái tækifæri til að vera með í keppninni og að enginn skuli útilokaður vegna getu. Leikur og leikgleði ráði ríkjum í keppninni.

b) 9-10 ára:

Keppni skal fara fram á félagsmótum sem og á héraðs- og landshlutavísu. Áhersla skal lögð á liðakeppni og að allir fái tækifæri til að vera með óháð getu.

c) 11-12 ára:

Keppni skal fara fram á félags-, héraðs-, landshluta- og landsvísu. Áhersla skal lögð á liðakeppni og að allir fái tækifæri til að vera með óháð getu.

d) 13-14 ára:

Keppni skal fara fram á félags-, héraðs-, landshluta- og landsvísu og hugsanlega erlendis. Liðakeppni skal vera í fyrirrúmi en aukin áhersla miðað við fyrri aldurskeið á keppni milli einstaklinga.

e) 15-19 ára:

Keppni skal fara fram á félags-, héraðs-, landshluta- og landsvísu og erlendis. Árangur í keppni orðinn markmið sem stefnt er að og þjálfunin miðast við hvort sem um lið eða einstakling er að ræða.

6. Verðlaun og viðurkenningar

Verðlaunaveitingar í keppni barna og unglunga fylgi eftirfarandi áætlun:

Umgjörð þjálfunar og keppni



- a) 10 ára og yngri:
 - Allir fá jafna viðurkenningu fyrir þátttöku
- b) 11-12 ára:
 - Lið vinni til verðlauna.
 - Einstaklingar geta unnið til verðlauna í einstaklingsgreinum.
 - Fyrst við 11 ára aldur er leyfilegt að krýna Íslandsmeistara, einstakling eða lið.
- c) 13-19 ára
 - Lið vinni til verðlauna.
 - Einstaklingar vinni til verðlauna.
- d) Óæskilegt er að veita börnum og yngri unglingum stórviðurkenningar s.s. Íþróttamaður félags, bæjar, héraðs, landshluta eða sérsambands.
- e) Verðlaunaveitingar á uppskeruhátíðum/verðlaunahátíðum séu í anda þess sem fram kemur hér að framan.

Hér kemur svo nánari útskýring á nokkrum þáttum stefnuýfirlýsingarinnar sem vinnuhópurinn var sammála um að gæti útskýrt nánar hvað um væri að ræða.

Fjölþættar æfingar - sérhæfing síðar

Hér er átt við fjölbreytta hreyfingu sem miðar að því að efla hreyfiproska og bæta samhæfingu iðkenda og nýttist iðkendum í þeirri grein sem þeir hafa valið sér eða munu síðar velja sér. Víða er þegar starfað í þessum anda. Skíðafélag gæti t.d. verið með sína krakka í sundi, júdó, útihlaupum á þeim árstímum sem ekki gefur til skíðamennsku, en á skíðum á veturna, þegar snjóa gefur. Æskilegt er að þjálfarar skipuleggi þjálfunina á þessum nótum og varist að hafa hana of einhæfa. Íþróttaskóli á að vera viðbót við sérgreinaæfingar en ekki koma í stað þeirra. Æskilegt er að íþróttaskóli sé valmöguleiki fyrir þau börn sem ekki vilja velja sér sérgrein strax. Einnig að þeir sem eru í íþróttaskóla geti, að einhverju leyti, valið sér grein eða greinar sem þeir hafa mestan áhuga á.

Keppni

Árangri má ná í keppni þó ekki sé endilega verið að mæla hver sé fljótastur heldur t.d. hver gerði ákveðna æfingu tæknilega rétt/réttast. Eftir því sem færnin eykst og aldurinn hækkar færist áherslan meira yfir í að mæla tíma, lengdir, hæðir og síðar kemur svo áherslan á að vera fyrstur/bestur.

Gæta verður þess að allir iðkendur fái tækifæri til að taka þátt í keppni án tillits til getu. Skapa verður þessum iðkendum verkefni við hæfi.

Mismunandi tilboð eftir áhuga - fleiri þátttakendur.

Íþróttafélög og deildir ættu að hvetja börn og unglinga til að stunda fleiri en eina íþróttgrein og hafa samvinnu sín á milli um að skapa þeim tækifæri til þess. Samvinnan gæti m.a. falist í samræmingu þjálfunar og/eða æfingagjalda.

Umgjörð þjálfunar og keppni



Brottfall á sér oft stað vegna of mikilla krafna um mætingu. Fullorðið fólk myndi ekki láta bjóða sér að vera skyldað til að mæta fimm sinnum í viku í líkamsrækt ef það hefði ekki áhuga á því sjálft. Þessu er eins farið með unglíngana. Þau vilja vera með á eigin forsendum. Sumir stefna að því að verða afreksmenn og mæta á allar æfingar sem í boði eru á meðan aðrir vilja vera með félagunum í sínu félagi tvisvar í viku.

Verðlaun

Miða skal við að í keppni yngstu barna fái allir jafna viðurkenningu.

b) Félagið/deildin hefur látið útbúa kennslu- og æfingaskrá þar sem fram koma markmið þjálfunar í hverjum aldursflokki fyrir sig

Hvað er kennslu- og æfingaskrá?

Kennslu- og æfingaskrá er leiðarvísir að markvissu gæðastarfi íþróttafélaga. Kennslu- og æfingaskrá "er í raun tæki til þróunar. Hún eykur líkur á að tekið sé tillit til sérstöðu hvers félags, stuðlar að beinni þátttöku og bættum árangri jafnframt því að auka líkur á umbótum, jákvæðu félagsstarfi og samstöðu allra sem hlut eiga að máli um megináherslur í starfi félagsins." (Íþr.námsk. ÍBR)

Nokkur félag í landinu hafa nú þegar farið í gegnum ákv. stefnumótunarvinnu og útbúið sér stefnumarkandi handbækur sem ýmist eru nefndar:

Umgjörð þjálfunar og keppni



- Kennslu- og æfingaskrá
- Íþróttanámskrá
- Íþróttastefna eða eitthvað annað.

Markmið með þessum handbókum er að móta stefnu í uppbyggingu íþrótta- og tómsundastarfs með sérstaka áherslu á íþróttir barna og unglinga. Svona kennslu- og æfingaskrá getur náð yfir almenna þætti í stjórnun íþróttafélags og atriði sem snúa að uppvexti einstaklingsins og þjálffræðilegum atriðum. Kennslu- og æfingaskrá á að auðvelda þjálfurum, leiðtogum, velunnurum og ekki síst foreldrum að fá heildarsýn yfir það starf sem fer fram í félagunum. Starfsrammi hvers félags er háð stefnu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands og því héraðssambandi eða sérsambandi sem það er aðili að. Á grundvelli ýmissa laga og samþykktra stefnuyfirlýsinga er kennslu- og æfingaskrá hvers félags tæki til stjórnunar og samræmingar á skipulagi og þjálfun barna og unglinga. Mestu skiptir þó að hvert félag sníði sér stakk eftir vexti og móti sér stefnu sem er einkennandi fyrir það m.t.t. nánasta umhverfis þess. Ef félag kys að stíga skrefið til fulls og móti sér kennslu- og æfingaskrá sem tekur til allra starfsþátta þess þá er það af hinu góða en ÍSÍ er hér með þessu ákvæði fyrst og fremst að fara fram á að félagið/deildin leggi fram kennslu- og æfingaskrá þar sem fram koma markmið þjálfunar í hverjum aldursflokki fyrir sig, þ.m.t.:

- Áhrif þjálfunar á þroskaþætti einstaklingsins. (skyn- og hreyfiþroski, líkamsþroski, félags- og siðgæðisþroski, tilfinningaþroski, vitsmunþroski).
- Tímabil þróunar og framfara í hreyfiþroska og hreyfifærni hjá mismunandi aldurshópum, (flokkum) t.d. 6 - 12 ára, 12 - 14 ára, 14 - 16 ára og 17 - 19 ára.
- Grundvallaratriði í þjálfun barna og unglinga.
- Undirbúningur þjálfunar, uppbygging og áætlanagerð til lengri og skemmri tíma.

Nú þegar þið hafið kynnt ykkur stefnuna og hvað kennslu- og æfingaskrá er þá fylgja hér nokkrar spurningar sem ættu að auðvelda ykkur að meta stöðuna. Kannski er þegar starfað eftir stefnunni að einhverjum hluta eða kannski ekki neitt.

Umgjörð þjálfunar og keppni



Gátlisti vegna umgjörðar um þjálfun og keppni

- | | | |
|--|-----------------------------|------------------------------|
| • Íþróttaskóli er starfræktur á vegum félagsins. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Hjá iðkendum 10 ára og yngri hjá minni félagi/deild fá allir jafna viðurkenningu. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Hjá iðkendum 11-12 ára hjá minni félagi/deild geta einstaklingar unnið til verðlauna í einstaklingsíþróttum en hljóta ekki einstaklingsviðurkenningar í hópíþróttum. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Hjá okkar félagi/deild er meginmarkmið með íþróttum barna 12 ára og yngri að iðkendurnir þroskist líkamlega, andlega og félagslega fram yfir árangur í íþróttum. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Á æfingum hjá okkar félagi/deild fá börn og unglingar að kynnast fleiri en einni íþróttgrein. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Í okkar félagi/deild gefst öllum unglingum 13-18 ára tækifæri til að iðka íþróttir við sitt hæfi. (kröfur til æfinga og árangurs) | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Innan félags/héraðs er samvinna á milli deilda/félaga um íþróttaiðkun barna og unglunga. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Kennslu- og æfingaskrá er til staðar. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Í kennslu- og æfingaskrá koma fram markmið þjálfunar í hverjum aldursflokki fyrir sig. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |

Nú þegar staðan hefur verið lauslega metin er rétt að taka hana saman og skrifa niður nákvæmlega hver staðan er í dag. Hvernig óskum við þess að hún verði og hvað getum við gert til að breyta henni?

Hver er staðan í dag?

- Hvað gerum við vel?
- Hvað getum við gert betur?

Hver er óskastaðan?

- Hvernig getum við lagað barna- og unglingastarf félagsins betur að stefnu ÍSÍ?
- Hversu ítarleg á kennslu- og æfingaskráin að vera?

Hvað getum við gert til að komast nær óskamarkmiðunum:

- Hvernig framkvæmum við?
- Hver ber ábyrgð? (nafn:.....)
- Hvenær á að framkvæma?
- Hvenær á framkvæmd að vera lokið?
- Hver hefur eftirlit með framkvæmdinni? (nafn:.....)

Fylgigögn:

- samþykkt stjórnar þess efnis að félagið vinni eftir stefnuyfirlýsingunni
- kennslu- og æfingaskrá

3. Fjármálastjórn



a) Bókhald yngri og eldri flokka er aðskilið

ÍSÍ hefur sett reglur um aðskilnað fjárreiðna yngri og eldri iðkenda. Slíkt kostar vissulega meiri vinnu en hjálpar félögunum gagnvart sveitarfélögum, þ.e. auðveldar þeim að sýna fram á kostnað við barna- og unglिंगastarf og fara fram á styrki til þess.

b) Fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið liggur fyrir

Fjárhagsáætlun næsta árs fylgi ávallt reikningum fyrra árs og taki mið af þeim. Félög/deildir þurfa að efla virkt eftirlit með fjármunum sínum. Aðalstjórn ber ábyrgð á fjármálum deilda.

c) Laun þjálfara eru samræmd

Félagið/deildin setur sér fasta stefnu varðandi launamál þjálfara og taki þar mið af menntun, reynslu, umfangi og iðkendafjölda. Sambærileg laun skal greiða þjálfurum hvort heldur viðkomandi þjálfar stúlkur eða drengi.

d) Þjálfarar eru launþegar

ÍSÍ hvetur öll félög/deildir til að greiða þjálfurum laun sem launþegum eins og kveðið er á um í leiðbeiningarbækling Ríkisskattstjóra. Í umsókn verður félagið/deildin að gera grein fyrir hvernig launamálum er háttað og hver stefnan sé.



Áður en lengra er haldið er rétt að kynna sér reglugerð ÍSÍ um fjárreiður o.fl.

REGLUGERÐ ÍSÍ UM FJÁRREIÐUR O.FL.

I. kafli Almenn ákvæði

1. gr. Reglugerð þessi eru nánari útfærsla á gildandi bókhaldslögum, skattalögum og lögum um ársreikninga. Reglugerðin tekur til íþróttafélaga, ungmennafélaga, sérsambanda, héraðssambanda og landssamtaka og er bindandi fyrir þau með sama hætti og lög ÍSÍ. Í reglugerðinni nefnast þessir aðilar einu nafni félög.
2. gr. Félög skulu fylgja öllum opinberum ákvæðum um greiðslu skatta og atvinnurekendagjalda. Einnig ber félögum að afhenda skattyfirvöldum allar upplýsingar varðandi launa- og verktakagreiðslur sem farið er fram á.
3. gr. Aðalstjórn félags ber ábyrgð á fjármálum félagsins og einstakra deilda þess.
4. gr. Félögum er óheimilt að setja lottótekjur sem tryggingu fyrir skuldbindingum sínum. Einnig er félögum óheimilt að ábyrgjast lán fyrir þriðja aðila.
5. gr. Auk hefðbundinna bókhaldsgagna skulu félög færa félaga- og iðkendatal þar sem fram kemur nafn, heimili og kennitala viðkomandi aðila.

II. kafli Fjármálastjórn o.fl.

6. gr. Félög skulu gera fjárhagsáætlun fyrir hvert reikningsár. Í fjárhagsáætlun skal koma fram hvernig fjármunum félagsins skuli ráðstafað og hvernig þeirra skal aflað. Fjárhagsáætlun skal samþykkt á aðalfundi. Í deildarskiptum félögum skulu fjárhagsáætlanir deilda samþykktar af aðalstjórn félagsins enda ber hún ábyrgð á öllum fjármálum félagsins sbr. 2. gr. Aðalstjórn ber ábyrgð á því að fjárhagsáætlanir deilda séu haldnar en deildum er óheimilt að skuldbinda félagið umfram það sem samþykktar áætlanir gera ráð fyrir. Þar sem fjallað verður um stjórnir félaga í reglugerð þessari er að því er varðar deildarskipt félög átt við aðalstjórnir félaga sé ekki annað sérstaklega tekið fram.
7. gr. Varanlega rekstrarfjármuni og lausafé ber að varðveita á sem bestan hátt og gæta skal að því að þessar eignir séu váttryggðar með eðlilegum hætti.
8. gr. Áður en félag ræðst í framkvæmdir skal lögð fyrir stjórn áætlun um framkvæmdarkostnað og hvernig afla eigi fjár til að greiða fyrir framkvæmdina. Í áætluninni skal koma fram hvernig afla eigi fjár til að standa undir framkvæmdinni auk nákvæmrar kostnaðaráætlunar fyrir allt verkið. Stjórn skal fylgjast með framkvæmdum og bera reglulega saman áætlun við raunverulega áfallinn kostnað og innkomið fjármagn og endurmeta áætlunina ef þörf krefur.
9. gr. Lántökur félags/deildar eru háðar samþykki stjórnar. Áður en stjórn samþykkir lántöku í nafni félagsins skal hún kanna hvort félagið getur staðið við þær skuldbindingar sem felast í lántökunni. Ef lán er tekið án heimildar stjórnar ber félagið ekki ábyrgð á umræddri lántöku. Gjaldþaga lána skal getið í ársreikningi.
10. gr. Hafi meiriháttar breytingar orðið á fjárhagslegri stöðu félags á tímabilinu eftir að reikningum var lokað þar til aðalfundur fer fram skal gera grein fyrir því á viðkomandi aðalfundi.
11. gr. Félög skulu aðskilja í reikningum sínum fjárreiður yngri iðkenda (barna- og unglíngastarf) svo og eldri iðkenda (afreksstarf og almenningsíþróttir). Við færslu bókhalds ber að aðskilja rekstur yngri flokka frá rekstri eldri flokka þannig að gera megi sérstakan rekstrarreikning fyrir hvorn hóp um sig.

III kafli. Færsla bókhalds

12. gr. Öll gjöld og tekjur sem tilheyra viðkomandi reikningsári skal færa á það ár. Ekki skal þó færa óinnheimt félagsgjöld eða æfingagjöld til tekna nema fyrir liggja á uppgjörstigi að þau muni innheimtast. Nánar er fallað um færslu bókhalds í leiðbeiningum ÍSÍ um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar sem er fylgiskjal með reglugerð þessari sbr. 20. gr.

13. gr. Færslur gjalda og tekna á að staðfesta með dagsettum frumritum/fylgiskjöllum, þar sem allar

Fjármálastjórn



naðsýnlegar upplýsingar koma fram. Formaður félags/deildar skal staðfesta fylgiskjalið eða sá sem til þess hefur umboð.

14. gr. Bókhald og fylgiskjöl skal varðveita á aðgengilegan og öruggan hátt í minnsta kosti sjö ár.

15. gr. Gjaldkeri/bóhaldari á að stemma af bankareikninga mánaðarlega og færa það sem á milli ber.

16. gr. Ef rangt er fært vegna mistaka á fyrst að bakfæra röngu færsluna og færa síðan til bókar rétta færslu.

17. gr. Bókhaldsár spannar 12 mánuði. Notast má við styttri eða lengri tíma (aldrei meira en 18 mánuði) á fyrsta starfsári félaga eða ef/þegar tímasetningu bókhaldsársins er breytt. Mælt er með því að bókhaldsár sé almanaksárið þó svo að það sé ekki bundið í reglugerð þessari.

18. gr. Stjórn og framkvæmdastjóri félags skulu árita ársreikninginn. Sömuleiðis skoðunarmenn og endurskoðendur eftir því sem við á samanber 32. til 35. gr. laga um bókhald nr. 145/1994 og samþykktir félags (félagslög). Ársreikningur skal lagður fram og afgreiddur á aðalfundi.

IV. kafli Framsetning reikningsskila (Bókhaldslyklar)

19. gr. Framsetning reikningsskila (ársreiknings) skal vera samkvæmt samþykktum bókhaldslyklum ÍSÍ sem eru fylgiskjal með reglugerð þessari sbr. 20. gr. Deilarskipt félög skulu gera reikningsskil þar sem fram koma heildareignir og heildarskuldir aðalstjórnar og allra deilda, auk sérstakra reikningsskila fyrir hverja deild.

V. kafli Gildistaka o.fl.

20. gr. Framkvæmdastjórn ÍSÍ skal sjá til þess að á hverjum tíma séu til uppfærðar ítarlegar leiðbeiningar um færslu bókhalds o.fl. (leiðbeiningar ÍSÍ um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar) og samræmdir bókhaldslyklar fyrir íþróttahreyfinguna (bókhaldslyklar ÍSÍ) sem skulu vera fylgiskjöl með reglugerð þessari.

21. gr. Reglugerð þessi er sett með vísun til samþykktar á 66. íþróttþingi ÍSÍ þar sem framkvæmdastjórn ÍSÍ er falið að endurskoða reglugerð um bókhald o.fl. Auk þess er hún sett með vísun til 2. mgr. 5. gr. íþróttalaga nr. 64/1998. Reglugerðin öðlast gildi frá og með 1. janúar 2003. Frá og með sama tíma fellur úr gildi reglugerð ÍSÍ um bókhald sem samþykkt var á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ 8. október 1998.

Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ 13. febrúar 2003.

Fjármálastjórn



Nú þegar hún hefur verið lesin er rétt að kanna frekar stöðuna hjá sér

Gátlisti vegna fjármálastjórnunar

- Virkt eftirlit er með fjármálum félagsins. já nei
- Aðalstjórn veitir stjórn félagsins aðhald í fjármálum. já nei
- Bókhald félags er fært reglulega og bankareikningar stemmdir af mánaðarlega. já nei

Hver er staðan í dag?

- Hvað gerum við vel?
- Hvað getum við gert betur?

Hver er óskastaðan?

- Hvernig fylgjum við bókhaldslögum og reglum ÍSÍ um bókhald?
- Hvernig er launamálum háttað?

Hvað getum við gert til að komast nær óskamarkmiðunum?

- Hvernig framkvæmum við?
- Hver ber ábyrgð? (nafn:.....)
- Hvenær á að framkvæma?
- Hvenær á framkvæmd að vera lokið?
- Hver hefur eftirlit með framkvæmdinni? (nafn:.....)

Fylgigögn:

- bókhaldslyklar,
- fjárhagsáætlun,
- yfirlit yfir laun þjálfara með útskýringum út frá hverju er gengið í launum þeirra, (menntun, starfsreynsla), staðfesting á því að þjálfarar séu launþegar.



4. Þjálfaramenntun



a) Þjálfarar hafa menntun samkvæmt kröfum ÍSÍ

Kröfur samfélagsins til þjálfunar barna og unglunga eru sífellt að aukast og því þurfa kröfur til menntunar þjálfara að vera miklar. Til að vinna gegn brottfalli og virkja fleiri þátttakendur, þarf íþróttahreyfingin að geta státað af hæfum og vel menntuðum þjálfurum barna og unglunga. Þjálfaramenntun ÍSÍ er áfangaskipt fræðslukerfi í fimm þrepum þar sem skilgreindar eru kröfur um menntun fyrir ákveðna markhópa. Þetta kerfi er samræmt fyrir allar íþróttagreinar. Ýmist eru þessar einingar almennar og ber ÍSÍ ábyrgð á faglegu innihaldi þeirra sem sameiginlegt er öllum íþróttagreinum, eða sértækar þar sem faglegt innihald er á ábyrgð hvers sérsambands. Til að hljóta gæðaviðurkenningu ÍSÍ þurfa þjálfarar yngstu barna og unglunga að hafa lágmarksmentun samkvæmt kröfum ÍSÍ um menntun þjálfara.

b) Aðstoðarþjálfarar eru til staðar ef um stóra hópa er að ræða

Fjöldi þátttakenda á æfingum er oft á tíðum alltof mikill. Skilgreina þarf hámarksfjölda iðkenda á hvern leiðbeinanda og gera kröfur um aðstoðarþjálfara ef hópar eru stærri.



Þjálfaramenntun

T.d. má segja ef fjöldi iðkenda í 6. flokki í handknattleik fer yfir 20 beri félaginu að útvega aðstoðarþjálfara.

Skilgreina þarf kröfur til menntunar aðstoðarþjálfara.

c) Samráðsfundir eru haldnir á meðal þjálfara

Gerðar eru kröfur til félaga/deilda um starfsaðstöðu þjálfara, skipulagningu þjálfaramála, samráðsfundi þjálfara o.fl.

Eins og áður hefur komið fram er í kennslu- og æfingaskrá leiðbeiningar og ábendingar um þjálfun og starfsemi í félaginu/deildinni. Val á skipulagi þjálfunar er í höndum þjálfara. Til að samfella verði í íþróttalegu uppeldi barnanna er nauðsynlegt að þjálfarar vinni eftir sömu vinnureglum m.t.t. aga, mætinga ofl. Ósamræmi á milli þjálfara veikir ímynd félagsins og því eru samráðsfundir þjálfara undir stjórn yfirþjálfara nauðsynlegir.

Áður en staðan er metin er rétt að lesa yfir samþykktu stefnuýfirlýsingu ÍSÍ um þjálfaramenntun.

Stefnuýfirlýsing um þjálfaramenntun

Samþykkt á 63. Íþróttþingi ÍSÍ á Akranesi 26. - 27. október 1996

Með hugtakinu þjálfari er hér átt við hvern þann sem kennir íþróttir og skipuleggur og stjórnar íþróttæfingum.

I. Íþróttasamband Íslands og sambandsaðilar þessa stefna að því:

- A. að allir þjálfarar sem starfa fyrir íþróttahreyfinguna á Íslandi hafi fullnægjandi og viðeigandi menntun til þeirra þjálfarastarfa sem þeir vinna.
- B. að tryggja réttindi allra þjálfara með fullnægjandi og viðeigandi menntun til að starfa við þjálfun á vegum íþróttahreyfingarinnar á Íslandi.
- C. að við samninga um starfskjör þeirra þjálfara sem starfa fyrir íþróttahreyfinguna á Íslandi verði tekið tillit til menntunar þeirra, reynslu og annars sem aukið getur hæfni þeirra sem þjálfara.
- D. að vinna að því að mikilvægi þjálfarastarfsins og nauðsyn á góðri þjálfaramenntun öðlist aukna viðurkenningu, bæði innan íþróttahreyfingarinnar og meðal almennings.

II. Til að ná þessum takmörkum stefna ÍSÍ og sambandsaðilar þessa að því:

- A. að koma á fót áfangaskiptu fræðslukerfi sem veiti möguleika á að afla sér fullnægjandi og viðeigandi menntunar til þjálfarastarfa fyrir alla aldurshópa og á öllum afreksstigum. Áfangaskipting fræðslukerfisins skal vera samræmd fyrir allar íþróttagreinar og námsefni og kennsla í sameiginlegum námsgreinum samnýtt milli íþróttagreina eins og kostur er.
- B. að skilgreina hvers konar þjálfaramenntun sé fullnægjandi og viðeigandi til að stunda þjálfarastörf fyrir hvern aldurshóp, hvert afreksstig og hverja íþróttgrein. Skilgreiningar á hæfniskröfum til þjálfara skulu miðast við áfangaskiptingu fræðslukerfisins og skal sambærileg menntun sem aflað er annars staðar metin með samanburði við það.
- C. að ÍSÍ beri ábyrgð á faglegu innihaldi í öllum almennum þáttum þjálfaramenntunarinnar, sem sam-

Þjálfaramenntun



eiginlegir eru öllum íþróttagreinum, en sérsamböndin hvert um sig beri ábyrgð á faglegu innihaldi í þeim þáttum þjálfaramenntunarinnar sem eru sértækir fyrir viðkomandi íþróttagrein.

D. að innan fræðslukerfis íþróttahreyfingarinnar verði unnt að afla sér menntunar í efsta áfanga til þjálfarastarfa fyrir hvern tiltekinn markhóp (aldurshóp eða afreksstig).

Hér koma spurningar til að auðvelda mat á stöðu félagsins í þjálfaramálum.

Gátlisti vegna þjálfaramenntunar

- | | | |
|---|-----------------------------|------------------------------|
| • Félagið ræður aðeins þjálfara með viðeigandi menntun. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Þjálfurum er veitt aðhald. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Þjálfarar eru hvattir til að sækja námskeið. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Þjálfarar eru hvattir til að sækja námskeið til að viðhalda þekkingu sinni. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Félagið hefur skilgreint kröfur til aðstoðarþjálfara. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Þjálfarar vinna eftir sömu vinnureglum m.t.t. aga og mætingar | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Félagið útvegar þjálfurum aðstöðu v/samráðsfunda. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |

Hver er staðan í dag?

- Hvað gerum við vel?
- Hvað getum við gert betur?

Hver er óskastaðan?

- Hvernig getum við tryggt að allir þjálfarar hafa tilskilin réttindi?
- Hvernig getum við tryggt að þjálfarar hittist reglulega og vinni saman.

Hvað getum við gert til að komast nær óskamarkmiðunum?

- Hvernig framkvæmum við?
- Hver ber ábyrgð? (nafn:.....)
- Hvenær á að framkvæma?
- Hvenær á framkvæmd að vera lokið?
- Hver hefur eftirlit með framkvæmdinni? (nafn:.....)

Fylgigögn:

- Yfirlit yfir þjálfara og menntun þeirra.
- Samþykkt skilgreining félagsins á því hvenær kalla þurfi til aðst.þjálfara.
- Fundaáætlun



5. Félagsstarf



a) Áætlun um félagsstarf liggur fyrir

Mikilvægt er að íþróttafélög/deildir bjóði upp á meira en reglubundnar æfingar. Félag þarf að bjóða upp á samverustundir fyrir iðkendurna utan æfinga og keppni og gera áætlun um starfið. Slíkt starf þarf ekki að einskorðast við þann hóp sem æfir saman. Hægt er, og oft nauðsynlegt, að skipuleggja félagsstarf í samvinnu við félagsmiðstöðvar eða íþrótt- og tómstundaráð á hverjum stað.

Félagsvitund er eitthvað sem er á miklu undanhaldi í samfélagi nútímans og oft er búningurinn eini samnefnari félagsins. Gera þarf áttak í því að efla félagsvitund og félagsanda innan íþróttahreyfingarinnar. Til að efla félagsandann þarf félagið að hafa jákvæð markmið og eins og áður hefur komið fram þurfa þau að vera hinum almenna félagsmanni sýnileg. Einnig þarf að vera til staðar öflugt félagsstarf. Markmið félagsstarfs getur verið mismunandi en t.d. mætti nefna:

- að vekja, hlúa að og efla áhuga iðkenda fyrir þroskandi félagsstarfi
- að starfið miðist við þarfir hópsins og efla þannig samkennd iðkenda
- að starfið þjálfar nemendur í hópvinnu og tjáningu og gefi þeim tækifæri til að takast á við ný og fjölbreytt viðfangsefni
- að auka samvinnu
- að auka virðingu fyrir reglum
- að fræða

Félagsstarf



Hugmyndir vegna félagsstarfs:

- spilakvöld, olsen-olsen, svartí pétur, hornafjarðarmanni, félagsvist
- bingókvöld
- videókvöld
- kvöldvökur með skemmtiatiðum
- dans, t.d. diskó, náttfataball, regnfataball
- opið kvöld, t.d. tafl, bobb, borðtennis
- spurningarkeppni
- foreldrakvöld
- sumarhátíð
- jólagleði - jólasveinar
- heimsóknir til annara félaga
- grænmetiskvöld, pizza
- útivist, ratleikir
- keppni í óhefðbundum íþróttagreinum
- ferðalög
- æfingabúðir

Hér koma nokkrar spurningar til að meta félagsstarfið.

Gátlisti vegna félagsstarfs:

- | | | |
|---|-----------------------------|------------------------------|
| • Félagsstarf er mikilvægur liður í starfi félagsins | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Félagsstarf er skipulagt miðað við þarfir hópsins. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Félagsstarf er skipulagt í samvinnu við hópinn. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Félagsstarf er skipulagt í samvinnu við skóla/félagsmiðstöðvar. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |

Félagsstarf



Hver er staðan í dag?

- Hvað gerum við vel?
- Hvað getum við gert betur?

Hver er óskastaðan?

- Hvernig getur félagið sinnt öfluggu félagsstarfi?

Hvað getum við gert til að komast nær óskamarkmiðunum?

- Hvernig framkvæmum við?
- Hver ber ábyrgð? (nafn:)
- Hvenær á að framkvæma?
- Hvenær á framkvæmd að vera lokið?
- Hver hefur eftirlit með framkvæmdinni? (nafn:)

Fylgigögn

- Samþykkt áætlun um félagsstarf.





6. Foreldrastarf



a) Verksvið foreldraráða er skilgreint

Ábyrgð foreldraráða annarsvegar og stjórna félags/deildar hinsvegar varðandi rekstur unglíngastarfs þarf að vera skilgreind. Ákveða þarf hvort foreldraráðin eigi að vera sjálfstæðar einingar eða lúta yfirstjórn stjórnar. Einnig þarf að skilgreina verksvið foreldraráða og finna þeim stað í skipuriti félags/deildar. Kröfur foreldra til íþrótt- og tómstundastarfs barna sinna verða sífellt meiri og því er nauðsynlegt að myndað(uð) verði foreldraráð. Með því mætti tryggja að foreldrar geti með frumkvæði sínu og hugmyndum eftir íþróttastarfið og haft áhrif á aðstöðu og aðbúnað félagsins. Góð samvinna heimila og íþróttafélaga er kjörin leið til að efla íþróttastarfið og jafnframt veita stjórn félagsins og þjálfurum aðhald.

Hugmynd að reglum fyrir foreldrafélag í íþróttafélögum.

1. grein:

Foreldrafélag er félag foreldra og forráðamanna iðkenda í viðkomandi félagi/deild eða flokk/hóp íþróttafélags. Þrír til fimm foreldrar eru skipaðir til eins árs í senn. Ljúka skal skipun í stjórn foreldrafélags fyrir 15. sept. ár hvert.

2. grein:

Hlutverk foreldrafélags er fyrst og fremst að:

- standa vörð um hagsmuni iðkenda í félaginu/flokknum,
- efla tengsl heimila og íþróttafélags,
- efla samskipti milli iðkenda, foreldra annars vegar og stjórnenda og þjálfara hins vegar,
- stuðla að bættri vellíðan iðkenda í leik og starfi,
- stuðla að betri árangri í starfi íþróttafélags.


3. grein:

Hvert foreldrafélag ákveður hvernig það vill starfa til að reglum þessum og markmiðum 2. greinar verði náð. (Heimild: ÍR, 2000)

Foreldrastarf



Hér kemur sýnishorn af uppbyggingu foreldraráða í skipuriti félagsins.



Hér koma svo nokkrar spurningar til að auðvelda stöðumat.

Gátlisti vegna foreldrastarfs:

- Foreldraráð er starfandi. já nei
- Foreldraráð er skilgreint í skipuriti félagsins. já nei
- Verksvið foreldraráða er skilgreint. já nei
- Ábyrgð foreldraráða er skilgreint. já nei

Hver er staðan í dag?

- Hvað gerum við vel?
- Hvað getum við gert betur?

Hver er óskastaðan?

- Hvernig foreldrafélag viljum við sjá starfandi?

Hvað getum við gert til að komast nær óskamarkmiðunum?

- Hvernig framkvæmum við?
- Hver ber ábyrgð? (nafn:)
- Hvenær á að framkvæma?
- Hvenær á framkvæmd að vera lokið?
- Hver hefur eftirlit með framkvæmdinni? (nafn:)

Fylgigögn:

- Starfsreglur foreldarráða

7. Fræðslu- og forvarnastarf



a) Félag/deild hefur mótað sér stefnu í fræðslu og forvarnamálum

Mikilvægt er að íþróttahreyfingin sé trúverðug í fræðslu- og forvarnastarfi. Áfengis- og eða tóbaksneysla á ekki að eiga sér stað í tengslum við íþróttastarf, s.s.:

- áfengissala í tengslum við íþróttakeppni
- áfengisneysla í lokahófum
- reykingar og munntóbaksneysla á íþróttasvæðum
- áfengisauglýsingar á eða við velli

Afreksfólk er fyrirmynd og þarf að haga sér í samræmi við það. Spurningar um siðferði, landslög, skynsemi, gott fordæmi o.fl. vakna.

Íþróttafélög þurfa að skapa aðstæður svo öll börn og unglingar geti stundað íþróttir, ekki síst á þeim tímum sem mest hættu er á að þau leiti í „götuangs“.

Fræðslu- og forvarnastarf



Íþróttafélög/deildir setji sér reglur og/eða marki sér stefnu í forvarnamálum samkvæmt stefnu ÍSÍ. Félög og deildir fræði börn og unglunga um skaðsemi vímuefna auk þess sem þau fræði sína ungu iðkendur um lyfjamál og bendi þeim á þær hættur sem geta fylgt lyfjanotkun.

Þá eru fleiri þættir sem þarf að hafa í huga og má þar nefna fræðslu vegna eineltis, þátttöku nýbúa, matarræði og aðra þá þætti sem viðkoma heilsu iðkenda og aðgengi þeirra að íþróttahreyfingunni og hreyfingu almennt.

ÍSÍ gefur út fræðsluefni um þessi málefni og eru félög og deildir hvött til að nýta sér það við fræðslu iðkenda sinna. Hægt er að fá efnið endurgjaldslaust hjá ÍSÍ.

Áður en lengra er haldið er rétt að lesa yfir samþykka stefnuyfirlýsingu ÍSÍ í forvarnamálum.

STEFNUYFIRLÝSING UM FORVARNIR OG FÍKNIEFNI

Neysla áfengis, tóbaks eða fíkniefna á aldrei samleið með iðkun íþróttar og vill íþróttahreyfingin á Íslandi efla forvarnahlutverk sitt á eftirfarandi hátt:

Setja fram markvissa stefnu

- hvetja íþrótt- og ungmennafélög til þess að festa í lög sín ákvæði þar sem tekin er einörð afstaða gegn neyslu á áfengi, tóbaki og fíkniefnum
- móta sameiginlegar starfsreglur um hvernig tekið skuli á fíkniefnavanda ungs fólks á vettvangi íþróttahreyfingarinnar og hvernig unnið skuli að forvörnum
- gera öll íþróttamannvirki algerlega reyklaus

Stuðla að aukinni og almennari þátttöku ungs fólks í íþróttastarfi

- hvetja íþrótt- og ungmennafélög til þess vinna markvisst að því að fjölga iðkendum íþróttar meðal barna og unglunga, m.a. með því að auka fjölbreytni í iðkuninni og tryggja þannig að öll börn og unglingar fái tækifæri til að stunda íþróttir í samræmi við eigin þarfir, getu og áhuga
- nýta mannvirki og aðstöðu íþróttahreyfingarinnar til að festa íþróttastarf í sessi sem raunhæfan valkost til skemmtunar fyrir unglunga, t.d. með því að bjóða upp á iðkun óhefðbundinna greina, halda opin hús í íþróttamannvirkjum, eða efna til annars konar íþróttastarfs fyrir þessa aldurshópa þar sem meiri áhersla er lögð á að koma til móts við þarfir þeirra fyrir afþreyingu og skemmtun en keppni og afrek

Auka þekkingu á skaðsemi fíkniefna og forvörnum innan hreyfingarinnar

- gefa út fræðsluefni um fíkniefni og forvarnir fyrir þjálfara og iðkendur og gera fræðslu um þessi málefni að föstum þætti í fræðslustarfi íþróttahreyfingarinnar og í íþróttanámi í framhaldsskólum
- fela þjálfurum að fræða þá iðkendur sem þeir þjálfar um áhrif áfengis, tóbaks og fíkniefna á heilbrigði þeirra og árangur í íþróttum
- hvetja sambandsaðila íþróttahreyfingarinnar til þess að fjalla um fíkniefni og forvarnir í málögnum sínum og ritum

Samþykkt á Íþróttáþingi 2. nóvember 1997

Fræðslu- og forvarnastarf



Stefna í forvörnum

Hér kemur svo dæmi um stefnumótunarreglur Íþróttafélags Reykjavíkur í vímuvörnum:

1. Forvarnagildi íþróttá

Íþróttahreyfingin gegnir mikilvægu hlutverki í vímuvörnum. Rannsóknir á högum barna og ungmenna sýna að þeim ungmönnum reiðir betur af og neyta síður vímuefna sem eru virk í íþróttastarfi. Einnig sýna rannsóknir að neysla vímuefna og tóbaks hafa mjög skaðleg áhrif á árangur í íþróttum. Félagið vill efla enn frekar vímuvarnagildi íþróttá með því að taka skýra afstöðu gegn neyslu í tengslum við íþróttir. Í þessari stefnuýfirlýsingu er talað um vímuefnaneyslu og er þá átt við neyslu áfengis og annarra vímuefna.

2. Neysla tóbaks og vímuefna

Félagið er andvíggt allri neyslu tóbaks og vímuefna allra iðkenda og annarra félagsmanna sem koma að íþróttastarfi á vegum félagsins. Öll neysla tóbaks og vímuefna er bönnuð í tegslum við æfingar og keppni á vegum félagsins.

3. Viðbrögð félagsins við neyslu iðkenda.

Félagið mun bregðast sérstaklega við allri neyslu iðkenda undir 18 ára aldri og foreldrar verða undantekningarlaust upplýstir um slíka neyslu.

Þegar um sjálfráða einstaklinga er að ræða (eldri en 18) mun félagið bregðast við neyslu þeirra á vímuefnum og tóbaki þar sem reglur félagsins eru brotnar (sbr. lið 2) og við neyslu sem hefur áhrif á ástundun, frammistöðu og ímynd félagsins.

Viðbrögð félagsins við brot á reglum þessum verða í formi tilmæla og ábendinga. Skili slík viðbrögð ekki árangri getur komið til tímabundins banns frá æfingum og/eða keppni. Viðbrögð félagsins munu samt ávallt mótast af vilja til að aðstoða iðkandann við að laga sig að reglum og að hann haldi áfram að starfa innan félagsins.

4. Hlutverk þjálfara

Þjálfarar skulu vinna eftir vímuvarnastefnu félagsins, þar með talið að bregðast við vímuefnaneyslu iðkenda á viðeigandi hátt.

Félagið mun sjá þjálfurum fyrir fræðslu um áhrif vímuefnaneyslu á árangur í íþróttum sem þjálfarar síðan miðla áfram til iðkenda.

Þjálfarar skulu framfylgja stefnu félagsins varðandi samstarf við foreldra og aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglunga.

5. Samstarf við foreldra

Félagið mun upplýsa foreldra um stefnu félagsins í vímuvörnum.

Fræðslu- og forvarnastarf



Félagið mun standa að góðu samstarfi við foreldra iðkenda með fræðslu um neikvæð áhrif áfengis og annarra vímuefna á árangur í íþróttum, auk fræðslu til foreldra um þjálfun og æskilegt mataræði íþróttafólks.

Félagið mun starfa náið með fagfólki í vímuvörnum og hafa samráð við foreldra, þurfi að taka á neysluvandamáli iðkanda undir sjálfræðisaldri.

6. Samstarf við aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglunga

Félagið mun hafa náið samstarf við þá aðila sem sinna tómsundastarfi barna og unglunga.

Félagið mun hafa náið samstarf við fagaðila sem sinna börnum og unglungum, fá frá þeim fræðsluefni og hafa samráð um einstaklinga í áhættuhópi. (Heimild: ÍR, 2000)

Nánara mat á stöðunni.

Gátlisti vegna fræðslu- og forvarnamála:

- Félagið hefur samþykkt að fylgja eftir stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um forvarnir og fíkniefni. já nei
- Félagið leggur áherslu á að þjálfarar vinni markvisst að fræðslu um áfengi, tóbak og önnur fíkniefni. já nei
- Félagið mun sjá þjálfurum fyrir fræðslu um áhrif vímuefnaneyslu á árangur í íþróttum. já nei
- Öll neysla tóbaks og vímuefna er bönnuð í tengslum við æfingar og keppni á vegum félagsins. já nei
- Félagið hvetur börn og unglunga til heilbrigðs lífennis. já nei
- Félagið tengir ekki saman verðlaunaveitingar og áfengi. já nei
- Foreldrar eru upplýstir um stefnu félagsins. já nei
- Félagið leggur áherslu á það að afreksfólk þess sé fyrirmyndir fyrir þau börn og unglunga sem æfa hjá félaginu og tekur á því þegar afreksfólk neytir fíkniefna þegar það kemur fram fyrir hönd félagsins. já nei
- Ábyrgðaraðili er innan stjórnar fyrir framkvæmd stefnunnar já nei

Fræðslu- og forvarnastarf



Hver er staðan í dag?

- Hvað gerum við vel?
- Hvað getum við gert betur?

Hver er óskastaðan?

- Hvernig viljum við sjá fræðslu- og forvarnamál háttað innan félagsins?

Hvað getum við gert til að komast nær óskamarkmiðunum?


- Hvernig framkvæmum við?
- Hver ber ábyrgð? (nafn:)
- Hvenær á að framkvæma?
- Hvenær á framkvæmd að vera lokið?
- Hver hefur eftirlit með framkvæmdinni? (nafn:)

Fylgigögn:

- Samþykkt stefna félagsins í fræðslu- og forvarnamálum.



8. Jafnréttismál



a) Félag/deild sinnir til jafns kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar

Mikilvægt er að innan félags/deildar sé gætt jafnréttis milli kynja og hópa. Þetta á meðal annars við aðstöðu, fjármagn og þjálfun.

Oft eru búningurinn og félagsaðstaðan eini samnefnarinn innan félags/deildar. Ef þetta er reyndin, vaknar sú spurning hvað eigi að gera til þess að ólíkum hópum sé sinnt með sambærilegum hætti?

Samþætting er nýtt hugtak sem er að ryðja sér til rúms þegar rætt er um jafnréttismál. Í stuttu máli felst þetta í því að í stað þess að líta á jafnréttismál sem sérstakan afmarkaðan málaflokk er markmiðið að samtvinna þau allri stefnumörkun og aðgerðum. Kynferði er tekið á skipulagðan hátt með í reikninginn við alla ákvarðanatöku, hvort sem um er að ræða stórar eða litlar ákvarðanir. Í stað þess að nálgast jafnrétti kynjanna sem sértækt vandamál sem höfði einungis til kvenna skulu jafnréttismál vera mál samfélagsins í heild og allir aðilar verða að koma að þeim og gera þau að sínum til þess að árangur náist.



Jafnréttismál

b) Aðgengi að íþróttahreyfingunni:

Félög séu meðvituð um að börn og unglingar séu ólík og geri ekki upp á milli þeirra vegna fötlunar, búsetu, þjóðernis eða litarháttar.

Hér koma nokkrar spurningar til að auðvelda mat á stöðunni.

Gátlisti vegna jafnréttismála:

- | | | |
|---|-----------------------------|------------------------------|
| • Félagið stefnir að ráðningu jafnmenntaðra þjálfara fyrir stúlkur sem drengi. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Félagið greiðir þjálfurum með jafna menntun sömu laun óháð því hvort viðkomandi þjálfar stúlkur eða drengi. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Félagið gætir sanngirnis við úthlutun æfingatíma. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Ábyrgðaraðili er innan stjórnar fyrir framkvæmd stefnunnar | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |

Hver er staðan í dag?

- Hvað gerum við vel?
- Hvað getum við gert betur?

Hver er óskastaðan?

- Hvernig getur félagið sinnt til jafns kröfum beggja kynja?
- Hvernig tekur félagið mitt á móti nýbúum?

Hvað getum við gert til að komast nær óskamarkmiðunum:

- Hvernig framkvæmum við?
- Hver ber ábyrgð? (nafn:)
- Hvenær á að framkvæma?
- Hvenær á framkvæmd að vera lokið?
- Hver hefur eftirlit með framkvæmdinni? (nafn:)

Fylgigögn:

- Jafnréttisáætlun, jafnvel með sínum fylgigögnum eins og t.d. æfingatöflu.



9. Umhverfismál

a) Félag/deild hefur mótaða stefnu

Íþróttastarfið þarf að fara fram í sátt við umhverfið. Mikilvægt er að halda umhverfinu hreinu. Fyrir utan jákvæð áhrif á þá sem starfa í íþróttahreyfingunni hefur það líka jákvæð áhrif á sveitarfélög, almenning, styrktaraðila og ríkisvald.

Umhverfisvernd hjá íþróttafélagi er meira en að safna dósúm. Félag/deildir þurfa að skoða eigin rann og kanna hvað þau geti gert til að halda sínu umhverfi hreinu.

Hér koma nokkrar spurningar sem auðvelda ætti mönnum að meta stöðuna og móta sér stefnu í þessum málum.

Gátlisti vegna umhverfismála

- | | | |
|---|-----------------------------|------------------------------|
| • félagið hvetur til sparnaðar í keyrslu, sameinast er um bíla | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • félagið hvetur iðkendur til að koma/fara, hjólandi/gangandi, á/frá, æfingu/keppni | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • pappír er endurnýttur | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • félagið forðast einnota vörur | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • ruslafötur eru settar upp á æfinga- og keppnissvæðum | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • áhorfendur eru upplýstir um staðsetningu ruslafatna | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • tiltekt fer fram á svæði eftir æfingar/keppni | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • félagið forðast ónauðsynlegar innpakkingar | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • sorp er flokkað | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • hiti er lækkaður um nótt þegar hús er ekki í notkun | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • hitastjórnunarkerfi er til staðar | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • félagið notar sparnaðarsturtuhausu | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • tímarofi er á sturtum | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • félagið stefnir að umhverfisvænum íþróttaleikvangi | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • félagið notar umhverfisvænar hreinlætisvörur | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • félagið hugar að plöntun á trjám á félagssvæðinu | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • notast er við lífrænan áburð | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • íþróttasvæðið er reyklaust | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • hugað er að aðgengi fyrir fatlaða | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • allir eru upplýstir um stefnuna (ef hún er til staðar) | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • ábyrgðaraðili er innan stjórnar fyrir framkvæmd stefnunar | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |

Umhverfismál



Hver er staðan í dag?

- Hvað gerum við vel?
- Hvað getum við gert betur?

Hver er óskastaðan?

- Hvernig umhverfisstefnu viljum við sjá?

Hvað getum við gert til að komast nær óskamarkmiðunum?

- Hvernig framkvæmum við?
- Hver ber ábyrgð? (nafn:)
- Hvenær á að framkvæma?
- Hvenær á framkvæmd að vera lokið?
- Hver hefur eftirlit með framkvæmdinni? (nafn:)

Fylgigögn:

- Umhverfisstefna.



